

Djur som ingen sett utom vi

Höfundur texta: Ulf Stark (Svíþjóð)
Höfundur mynda: Linda Bondestam (Finnlandi)
Förlaget Berghs, 2016
Hlaut Barna- og unglingabókaverðlaun
Norðurlandaráðs 2017

Söguþráður: Djur som ingen sett utom vi er ljóðabók þar sem lesandinn kynnist mörgum nýjum dýrum sem búa í margs konar umhverfi og heimum en hafa sambærilegar tilfinningar og við.

Efnisorð: dýr, tilfinningar, einmanaleiki, samkennd, tilvera, hræðsla, náttúra, hugmyndaflug, líf, ljóð

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvaða áhugaverðu dýr finnið þið? Hvernig hljóð gefa dýrin frá sér? Lesið ljóðin upphátt og látið ykkur detta í hug mismunandi hreyfingar við þau. Fljúgið eins og fiðrildin, trampjið eins og Bombomen, hvílist eins og Idedjuret.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Skoðaðu opnuna með Bombomen. Hvað heldurðu að sé að gerast og hvers vegna?
3. Hvernig líta dýrin í bókinni út? Ræðið í hópum. Búið síðan tvö og tvö til ímyndað dýr sem aldrei hefur sést áður. Finnið líka heiti á dýrið!
4. Dýrin á kápunni hafa engin heiti. Finnið heiti fyrir þau!

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Ræðið í hópum hvað felst í rími. Veljið síðan ljóð tvö og tvö og leitið að rími. Finnið fleiri orð sem ríma við þau.
2. Veljið dýr í bókinni, lesið ljóðin og skoðið myndirnar. Búið til samhangandi sögu um dýrið með öllum hópnum. Byrjið á „Einu sinni var ...“
3. Viðtal við dýr. Vinnið saman tvö og tvö og skiptist á að taka viðtal og vera dýrið. Nú máttu ímynda þér



ISBN 978-952-7490-79-2

að þú sért dýr sem hefur aldrei sést áður og segja frá því hvernig það er!

4. Ljóðanudd. Lestu nokkur ljóð í bókinni upphátt, til dæmis Bombomen og Klumpantropus. Finnið saman nuddhreyfingar sem passa við ljóðin. Lesið ljóðin nokkrum sinnum á meðan börnin skiptast á að nudda hvert annað.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Skoðaðu umhverfið sem dýrin lifa í. Í hvernig umhverfi eða heimi lifa ímyndaðu dýrin? Hvernig líður þeim, hvar sofa þau og hvað leggja þau sér til munns? Í hvernig umhverfi líður fólki og dýrum vel? Ræðið í hópum.
3. Leikið ljóðin. Veljið ljóð tvö og tvö saman. Veltið fyrir ykkur hvaða tilfinningar ljóðið kveikir og leikið það fyrir framan hópinn.
4. Skoðaðu ljóðin. Finnurðu ljóð sem fjalla um að vera útundan og vera hluti af hópnum? Ræðið þessi efnisorð og ljóð í hópum.
5. Veljið ljóð í bókinni. Skrifðið frétt um þetta dýr sem hefur aldrei sést áður!

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Loftar tú mær? Höfundur Rakel Helmsdal

Ráttan Bettan och masken Baudelaire. Höfundar: Annika Sandelin og Karoliina Pertamo

Sorsa Aaltonen ja lentämisen oireet. Höfundar: Veera Salmi og Matti Pikkujämsä

MÁLAMOLI

"Tilfinningar"

sænska

Känslor

danska

Følelser

norska

Følelser

íslenska

Tilfinningar

færeyska

Kenslur

grænlenka


Misigissutsit

finnska

Tunteet

norðursamíska

Dovddut



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)